

Norðurál Grundartanga ehf
Grundartanga
301 Akranes

Reykjavík, 30.7.2024
UST202401-236/S.M.
08.07.02

Reglubundið eftirlit í Norðurál

Þann 18. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í Norðurál á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirliti en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 1.10 í starfsleyfi. Umhverfismörk utan þynningarsvæðis flúors eru 0,3 ug/m³ reiknað sem meðaltal á tímabilinu 1. apríl - 30. september, mörk fyrir heildarflúor eru 0,4 ug/m³ á sama tímabili. Árið 2023 mældist styrkur loftkennds flúors á Kríuvörðu 0,34 ug/m³ og heildarflúor reyndist 0,41 ug/m³, hvortveggja yfir starfsleyfismörkum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. ágúst 2024.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur